

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 167/1992.

Brekkuval sf.

(Grétar Haraldsson hrl.)
 gegn

Daniel Guðmundssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Skuldamál. Útivist í héraði. 45. gr. laga nr. 75/1973. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, málskostnaður í héraði verði felldur niður og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Skrifleg vörn barst frá stefnda, en sókn hefur ekki borist frá áfrýjanda.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti frá 31. mars 1993 kemur fram, að hann byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, og muni hann leggja fram gögn því til stuðnings. Engin slík gögn hafa verið lögð fram.

Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, en síðan féll þingsókn hans niður, án þess að greinargerð væri lögð fram. Í áfrýjunarstefnu er ekki gerður áskilnaður um nýjar málsástæður fyrir Hæstarétti, og engar skýringar hafa komið fram á útivist áfrýjanda í héraði. Hefur hann því ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brekkuval sf., greiði stefnda, Daníel Guðmundssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 27. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. nóvember sl., af Daníel Guðmundssyni, kt. 120646-2759, Hamraborg 38, Kópavogi, á hendur Guðbirni Magnússyni, kt. 120246-2759, Hjallabrekku 2, Kópavogi, og Skæringi Sigurjónssyni, kt. 110451-4159, Reynigrund 35, Kópavogi, vegna sameignarfélags þeirra, Brekkuvals sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi.

Dómkröfur eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 182.496 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags svo og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem er pípulagningameistari, tók að sér pípulagnir í þágu stefnda. Um var að ræða viðgerðir og breytingar í einni starfsstöð stefnda að Eddufelli 8, Reykjavík. Stefndi hefur ekki fengist til þess að greiða umkrafða reikninga, og hafa allar innheimtutilraunir reynst árangurslausar.

Málsástæður og lagarök. Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skyldu verkkaupa til greiðslu verkkaups og útlagðs kostnaðar. Dráttarvaxtakrafan er reist á III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, og krafan um dráttarvexti og málskostnað er reist á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Sönnunargögn. Til sönnunar stefnukröfu sinni mun stefnandi leggja fram reikning nr. 337 ásamt efnisnótum og tímavinnuskýrslu.

Stefndi sótti þing, er málið var þingfest 5. 12. sl., og fékk þá frest í tvær vikur. Þingsókn féll síðan niður af hans hálfu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 31.300 kr.

Dóminn kvað upp Ólafur Helgi Árnason fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Brekkuval sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi, greiði
Daníel Guðmundssyni, kt. 120646-2759, Hamraborg 38, Kópavogi,
182.496 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr.
lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags og 31.300 kr. í máls-
kostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla
laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt
innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
